

Alþingi
Erindi nr. P 140/274
komudagur 18.11.2011

Alþingi
efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK
Reykjavík, 18. nóvember 2011
R2011110017

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum - 195. mál, þskj. 200.

Ríkisskattstjóri hefur þann 7. nóvember 2011 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu eru m.a lagðar til breytingar á lögum um tryggingagjald nr. 113/1990, lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, lögum um umhverfis- og auðlindaskatta nr. 129/2009, lögum um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993, lögum um olúgjald og kílómetragjald nr. 87/2004, lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki nr. 155/2010 og lögum um bifreiðagjald nr. 39/1988.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að barnabætur undir ákveðinni fjárhæð verði ekki greiddar framfærendur. Eins og orðalag ákvæðisins er sbr. a-liður 5. gr. Þá telur ríkisskattstjóri að það væri skýrara ef orðinu „hvern“ yrði skotið inn fyrir framan „framfæranda“. Þannig verður samhljómur á milli ákvæðisins og athugasemda við frumvarpið.

Ríkisskattstjóri gerir athugasemdir við ákvæði 8., 9 og 10. gr.

frumvarsins þar sem gert er ráð fyrir framlengingu auðlegðarskatts og að sá skattur verði síðast lagður á við álagningu opinberra gjalda 2015. Þá er jafnframt gert ráð fyrir nýju skattþrepi á eignir yfir tilteknu marki.

Auðlegðarskatturinn var lögfestur með 24. gr. laga nr. 128/2009 og frumvarpið sem hér er til umsagnar hefur að geyma tillögur sem breyta skattinum í fjórða sinn. Vegna þeirra breytinga sem nú eru lagðar til leyfir ríkisskattstjóri sér að benda á að nýtt skattþrep flækir skattframkvæmdina og það kostar fjármuni. Samkvæmt frumvarpinu verður álagning auðlegðarskatts á hlutdeild í eigin fé félaga alltaf miðuð við annað tímamark en eignastaðan sjálf. Þetta kallar óneitanlega á flækjur og kann að virka ankannalegt. Endurreikningurinn sem lögfestur var í desember

2009 þótti líka erfiður ljár í þúfu en hann var rökréttur og hann hefur verið framkvæmdur einu sinni og gekk stóráfallalaust. Flækjur geta myndast við báðar aðferðir, ekki hvað síst þegar hjúskaparstaða hefur breyst.

Ef andlát hefur orðið gæti skattlagning slíkrar eignar „fallið niður“ með breytingunum samkvæmt frumvarpinu, sem er hugsanlega betri niðurstaða en við endurreikninginn sem skapaði vandamál við þessar aðstæður. Samkvæmt frumvarpinu verður aldrei lagður auðlegðarskattur á hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé í árslok 2014 – af því að endurreikningurinn er felldur niður. Með lögum nr. 73/2011 þar sem auðlegðarskattsálagningunni var breytt virðist sem miðað sé við að leggja tvisvar á hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé í árslok 2010, þ.e. við álagningu 2012 og 2013. Þessi aðferð er einnig umhugsunarverð þar sem miklar breytingar kunna að hafa orðið á eignastöðunni, bæði til hækkunar og lækkunar.

Þá bendir ríkisskattstjóri á að e.t.v. værir rétt að gera ráðstafanir til að gera launþegum auðveldara fyrir að breyta þeim samningum sem þeir hafa gert við vörsluaðila séreignalífeyrissparnaðar. Þá þarf að vekja athygli á því að breyti þeir sem nú greiða 4% í séreignalífeyrissjóð ekki samningum sínum og lækki hlutfallið til samræmis við það bráðabirgðaákvæði sem nú er lagt til að verði lögfest verði í raun tvískattlagðir þegar útgreiðslur hefjast, þ.e. af þeim hluta iðgjalds sem ekki er frádráttarbært.

Ríkisskattstjóri leyfir sér að benda á að gera þarf breytingar á 4. másl.

2. gr. A-liðar 67. gr. þannig að hlutfall óráðstafaðs persónuafsláttar sem ráðstafað er til greiðslu fjármagnstekjuskatts breytist úr 18/37 í 20/37.

Hlutfall þetta tekur mið af fjármagnstekjuskattinum og lágsta skatthlutfalli tekjuskattshlutfall og útsvarshlutfall).

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt